

AUGLÝSING

22

1. marz

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í Siglufjarðarkaupstað.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Siglufjarðarkaupstaðar er bannað að selja eða afhenda börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

2. gr.

Bönnuð er sala á spítubrjótssykri (sleikjum) og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglingum.

3. gr.

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með sjónleikjum og öðrum skemmtunum, sem börnum innan 16 ára er ætlaður aðgangur að, og skal henni gefinn kostur á að kynnast efni þeirra áður en skemmtunin er haldin. Getur barnaverndarnefnd lagt hann við sýningu slíkra skemmtana fyrir börn, ef henni þykir ástæða til. Um kvikmyndasýningar fer sem segir í 10. tölulið 6. gr. laga nr. 43 1932.

4. gr.

Börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum knattþórðsstofum, dansstöðum og öldrykkjustofum. Þeim er og bannaður aðgangur að almennum kaffistofum eftir kl. 8 síðdegis, nema í fylgd með aðstandendum sínum. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að börn og unglingar fái þar ekki aðgang eða hafizt þar við.

Börnum innan 12 ára er bannað að vera á almannafæri eftir kl. 8 að kvöldi á tímabilinu frá 15. september til 15. apríl og eftir kl. 10 á tímabilinu frá 15. apríl til 15. september, nema í fylgd með aðstandendum eða þau séu í nauðsynlegum erinda-gerðum (sendiferðum) fyrir heimili sín.

Börn 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 10 að kvöldi á tímabilinu frá 15. sept. til 15. apríl og ekki eftir kl. 11 síðdegis á tímabilinu frá 15. apríl til 15. sept., nema í fylgd með aðstandendum sínum, eða að þau séu að inna arðbær störf af hendi.

Foreldrum barnanna eða húsbændum ber, að viðlögðum sektum, að sjá um, að ákvæðum þessum sé fylgt.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum, og um mál út af þeim fer sem um brot gegn þeim lögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. marz 1940.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.